



Áveitan

11. tbl. 19. árgangur. Nóvember 2025



10 ÁRA AFMÆLI UMF ÞJÓTANDA

Sunnudaginn 16. nóvember nk. verður Umf Þjótandi
10 ára og af því tilefni býður ungmennafélagið
félagsfólki sínu í skauta- og pizzuveislu í Egilshöll milli
klukkan 14:00 og 16:00.

Í boði verða rútuferðir úr Flóanum fyrir þá sem þess
óska. Lagt verður af stað frá Flóaskóla kl 12:30 og frá
Þingborg kl 12:45.

Skráningarfrestur er til miðnættis sunnudaginn 9.
nóvember á netfangið gbriets@gmail.com

Munið að taka fram hvort þið viljið nýta ykkur
rútuferð eða ekki.

Athugið að krakkar í 7. bekk og yngri þurfa að vera í
fylgd fullorðinna.

Sjáumst sem flest.

Umf Þjótandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar

Október hefur verið stór og annasamur mánuður á sveitarstjórnarstiginu, eins og alltaf er. Ársfundir, aðalfundir, ráðstefnur, ársþing og upphaf fjárhagsáætlunarvinnu eru dæmi um verkefni sveitarstjórnarmanna á þessum árstíma.



Íbúafundur vegna aðalskipulags

Þann 13. október var haldinn íbúafundur þar sem starfsmenn Landmótunar, skipulagsfulltrúi og sveitarstjórn tóku virkt samtal um aðalskipulagsgerðina sem framundan er. Farið var yfir nokkra þætti sem skipta máli við slíka vinnu. Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður sköpuðust. Starfsmenn Landmótunar vinna nú úr upplýsingum sem teknar voru saman í þessu virka samali við íbúa. Á næstu vikum verður skipulagslýsing vegna aðalskipulags birt til kynningar og umsagna og munu íbúar og hagsmunaaðilar hafa kost á að senda inn umsagnir í gegnum Skipulagsgátt eða á netfangið utu@utu.is. Auglýsing þess efnis mun birtast á heimasíðu Flóahrepps.

Viljayfirlýsing vegna söfnunar og förgunar á dýrahæjum

Sveitarstjórn Flóahrepps sendi erindi á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á dögunum þar sem sveitarstjórn lýsti yfir áhuga og vilja til að eiga í samstarfi um verkefni sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að vegna söfnunar og brennslu á dýrahæjum. Verkefnið snýr að því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hyggt taka í notkun búnað sem brennir dýrahæjum og setja um leið upp söfnunarleið fyrir úrgangsflokkinn. Sveitarstjórn Skeiða- og

Gnúpverjahrepps tók vel í erindið og stendur nú til að sveitarfélögin skrifi undir sameiginlega viljayfirlýsingu um samstarf, með það að markmiði að gera á endanum samning um söfnun, flutning og förgun á dýrahraejum.

Það er von okkar að verkefnið komist af stað á næstu vikum en með þessu móti verður farvegurinn réttur allt frá söfnun til förgunar og hver og einn sem þarf að hafa aðgang að þessum farvegi greiðir þá raunkostnað fyrir notkun. Urðun á dýrahraejum er með öllu óheimil og því brýnt að finna lögmætan og aðgengilegan farveg fyrir þennan úrgangsflokk fyrir þá sem þurfa á honum að halda.

Framkvæmdir

Framkvæmdir í Þingborg ganga ágætlega og er nú búið að steypa gólfplötu þar sem sviðið var áður og setja burðarbita í loftið. Byggingastjóri hélt verkfund þann 24. október með þeim verktökum sem koma að verkinu á næstu vikum. Líkt og áður hefur komið fram mun þessi breyting gjörbreyta allri aðstöðu til íþróttaiðkunar og vegna ýmissa viðburða í húsinu. Við viljum að aðstaðan nýtist öllum okkar íbúum, allt frá leikskólaaldri og upp í eldri íbúa sveitarfélagsins.

Verktakar í vatnsveitu vinna áfram að verkefnum ársins. Þar er um að ræða minni og stærri framkvæmdir svo sem styrkingar á veitunni, ný tengingar og ýmis viðhaldsverkefni. **Dæluhús við Uppsali** er risið og verður tækjabúnaði komið fyrir í vetur þannig að hægt sé að leggja af eldri lögn við hringveginn og færa allar tengingar inn á nýrri lögn. Með þessari framkvæmd verður afhendingaröryggi á vatni meiri og viðhaldsfrek eldri lögn verður aflögð. Undanfarið höfum við einnig lagt vinnu og fjármagn í að bæta **vöktunarkerfi** á vatnsveitumannvirkjunum okkar til að auka öryggi í vatnsveitunni. Sú vinna mun halda áfram út árið og á næsta ári.

Jón Friðrik Matthíasson hjá M2 teiknistofu vinnur nú að því að teikna **viðbyggingu við Flóaskóla** en hugmyndir og hönnun eru unnin í samræmi við fyrri þarfagreiningar og í náinni samvinnu við bygginganefnd Flóaskóla. Reiknað er með að aðaluppdrættir verði tilbúnir fyrir áramót og unnið verði að helstu séruppdrættir frá janúar-maí 2026. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist vorið 2026. Verið er

að horfa á í kringum 500 fermetra viðbyggingu á tveimur hæðum sem verður tengd við núverandi byggingu.

Útboð vegna 1. áfanga í **íbúðarbyggð í Þingborg** fór fram í byrjun október og bárust 11 tilboð í verkið. Búið er að yfirfara öll tilboð og upplýsa bjóðendur um framgang mála en reiknað er með að hægt verði að ganga frá verksamningi á næstu dögum og hefja í kjölfarið framkvæmdir við jarðvegsskipti, fráveitu, vatnsveitu, gatnagerð og lýsingu. Stefnt er á verklok í júní 2026. Guðmundur Daníelsson sem hefur verið verkefnastjóri í Flóaljósi hefur verið fenginn til að vinna að utanumhaldi verkefnisins í náinni samvinnu við sveitarfélagið.

Framkvæmdum við endurnýjun salerna og í anddyri í **Þjórsárveri** er að fullu lokið en breytingarnar tókust vel og er aðstaða nú orðin mun hentugri fyrir skólastarf og þá daglegu notkun sem fer fram í húsinu. Von er á sófum sem verða í hluta anddyris og munu þeir m.a. nýstast fyrir skólastarf, félagsmiðstöð og opin hús eldri íbúa.

Ferð eldri íbúa til Grindavíkur

Kvenfélögin í Flóahreppi og öldungaráð Flóahrepps stóðu fyrir ferð eldri íbúa í október. Haldið var af stað til Grindavíkur laugardaginn 18. október með rútu. Snæddur var hádegisverður á Bryggjunni, Kvikan menningarhús Grindsvíkur var heimsótt og þar tók leiðsögumaður á móti hópnum yfir kaffibolla og sagði frá Grindavík fyrir og eftir náttúruhamfarirnar sem þar hafa staðið yfir. Keyrt var um bæinn og að Bláa lóninu og áhrif hamfaranna skoðuð.

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi greiða fyrir rútuna í þessari ferð en skipulag var í höndum fulltrúa í öldungaráði Flóahrepps en um 35 manns sóttu ferðina.

Snjómokstur

Samningar um snjómokstur á héraðs- og tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi voru lausir síðasta vor. Verðkönnun á vegum Flóahrepps og Vegagerðarinnar fór fram í byrjun október og voru tilboð opnuð þann 21. október. Gengið hefur verið til samninga við Þjótanda ehf. sem mun sinna öllum mokstri á vegum sveitarfélagsins, ásamt Vegagerðinni, og gildir samningurinn frá 28. október og fram á vor árið 2028.

Sömuleiðis var gerð verðkönnun í mokstur og hálkuvarnir á plönum við stofnanir sveitarfélagsins en sveitarfélagið hefur gert verðkönnun árlega síðustu þrjú árin vegna þessa verks. Gengið hefur verið til samninga við Jón Valgeir ehf. um mokstur og hálkuvarnir á plönum veturinn 2025-2026.

Nú þegar hefur reynt á nýja verktaka enda kom fyrsti alvöru snjórinn snemma þetta árið og hafa ofangreindir verktakar farið í sinn fyrsta mokstur sem gekk heilt yfir vel. Athugasemdir vegna snjómoksturs skulu berast beint á skrifstofu sveitarfélagsins og vinnur sveitarstjóri úr athugasemdum í góðri samvinnu við verktaka.

Við hvetjum íbúa og fasteignaeigendur til að huga að umhverfi húsa m.t.t. snjómoksturs. Það skiptir máli að vegir og plön séu auð og aðgengileg svo að verktakar valdi ekki óþarfa tjóni á lausamunum sem liggja undir snjó eða tefja fyrir mokstri.

Minnt er á að sveitarfélagið mokað heimilum en mokað ekki innkeyrslur eða frá sorptunnum. Slíkur mokstur er á ábyrgð hvers og eins húseiganda.

Viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs í Flóahreppi má finna hér:

[upphaerdar-vidmidunarreglur-um-snjomokstur-07112023-undirritad.pdf](#)

Nýr starfsmaður á skrifstofu Flóahrepps

Gengið hefur verið frá ráðningu aðalbókara og launafulltrúa á skrifstofu Flóahrepps og mun nýr starfsmaður, Dagný Kapítóla Sigurðardóttir, hefja störf um miðjan nóvember. Hafdís Júlía Hannesdóttir sem sinnt hefur starfinu af miklum krafti og alúð síðustu ár en hún hyggst hætta störfum um næstu áramót.

Matur fyrir eldri íbúa og opin hús

Við minnum á mat fyrir eldri borgara í Flóahreppi. Ýmist er hægt að borða í mótuneyti Flóaskóla eða sækja mat þangað og fara með heim. Skráning og frekari upplýsingar eru hjá ritara Flóahrepps: 480-4370 eða anna@floahreppur.is

Minnum einnig á opnu húsin sem haldin eru reglulega fyrir 60+ íbúa. Sjá nánar hér:

<https://www.facebook.com/groups/691773309699893/>

Jafnlaunavottun

Þann 8. október fór fram viðhaldsúttekt vegna jafnlaunakerfis Flóahrepps en innri úttekt á jafnlaunakerfi Flóahrepps fór fram 30. september. Niðurstaða launagreiningar sem hluta úttektarinnar sýnir 1,7% launamun konum í vil og er það vel innan markmiða sveitarfélagsins sem er að óútskýrður kynbundinn launamundur sé enginn og heildarfrávik ekki meiri en 4%.

Næstu fundir sveitarstjórnar

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps eru skv. samþykktum dagana 4. nóvember og 18. nóvember í Þingborg. Fundir eru sendir út í beinu streymi og má nálgast hlekk á streymi á heimasíðu Flóahrepps.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Ýmsar gagnlegar upplýsingar:

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardagsopnun: 8. nóvember og 6. desember kl. 12:00-16:00.

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is Grenndargámar fyrir málma og gler ásamt lokuðum ílátum fyrir textíl eru staðsettir við Félagslund og Þingborg. Einnig eru grenndargámar fyrir plast, pappa og almennt sorp við Þingborg, sérstaklega ætlaðir frístundahúsaeigendum í sveitarfélaginu.

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að

hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókari, launafulltrúi og fasteignagjöld: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu Flóahrepps: 862-6848 – sótt er um ný tengingar á heimasíðu Flóahrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála: *UTU er staðsett á Laugarvatni.*

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Vegna seyrulosunar og hreinsunar: seyra@seyra.is eða s.480-5550

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólalþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS Í FÉLAGSLUNDI

FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



FORSALA HEFST 23.NÓVEMBER Á FLÓAHREPPUR.IS

FORSALA 2500 / VIÐ INNGANG 3500

UNGMENNI 13-17 ÁRA

FORSALA 1000 / VIÐ INNGANG 1500

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI



FLÓAHREPPUR

Aðventusamvera

Aðventusamvera verður haldin í
Villingaholtskirkju, fyrsta sunnudag í aðventu,
sunnudaginn 30. nóvember kl. 20.00.

Ræðumaður kvöldsins verður Þórunn Jónasdóttir
skólastjóri Flóaskóla.

Guðný Alma Haraldsdóttir syngur einsöng.

Kirkjukórinn syngur. Pétur Nói Stefánsson kantor.

Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

Hvetjum alla til að koma og eiga notalega stund í
kirkjunni í byrjun aðventu.



Fréttir úr Flóaskóla

Fréttir úr Flóaskóla

Veturinn skall á okkur með nokkrum þunga í liðinni viku og varð röskun á skólastarfi einn dag af þeim sökum. Annars hefur októberveðrið að mestu verið einstaklega hlýtt og gott.



Skólastarfið gengur afar vel, mörg áhugaverð verkefni eru í gangi og nemendur eru metnaðarfullir og sinna náminu vel. Í byrjun október voru nemendastýrð foreldraviðtöl, þar kynntu nemendur fyrir foreldrum sínum ýmis verkefni og rýndu einnig eigin styrkleika og markmið. Þessar kynningar voru sérlega vel heppnaðar og góður endir á fyrsta þema haustsins.

Nú styttest í að þriðja þematímabil vetrarins hefjist en það er unnið út frá grunnþættinum sjálfbærni. Elstu nemendur skólans vinna með fjármálalæsi og tengja það undirbúningi jóla og jólahaldi. Miðstigs nemendur beina sjónum sínum að trúarbrögðum heimisins. Þemaverkefni yngstu nemendanna nefnist Fjöll og tröll og enda sitt þema með sýningu í Þjórsárveri þar sem allt efni er unnið úr endurnýttu efni.

Haustleyfi var síðari hluta október og þegar því lauk var settur af stað lestrarsprettur á öllum stigum skólans. Taldar eru þær mínútur sem nemendur verja til lestrar bæði í skóla og heima. Það sýnir sig að svona hvatning til lestrar eykur áhuga nemenda á yndislestri og eflir lestrarfærni.

Embætti forseta Íslands, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök áhugafólks um skólaþróun hafa með sér samstarf um að veita árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi skóla- og frístundastarf eða aðrar umbætur í

menntamálum. Þessi verðlaun heita Íslensku menntaverðlaunin. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístunda starfi og auka veg menntaumbóta. Verðlaunin eru veitt ár hvert og eru veitt í fjórum flokkum. Einn þeirra flokka er *Framúrskarandi kennari*.

Við erum afar stolt af því að Örvar Rafn Hlíðdal, íþróttakennari við Flóaskóla, er tilnefndur til þessara verðlauna í ár, fyrir framúrskarandi íþróttakennslu og árangur í starfi. Verðlaunin verða afhent á Bessastöðum 4. nóvember og daginn eftir sýnir RUV þátt þar sem fjallað er um alla sem tilnefndir eru til verðlaunanna 2025. Þetta er mikil viðurkenning á góðu starfi og rós í hnappagat lítils sveitaskóla.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Aðventuferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Okkar árvissa aðventuferð verður að þessu sinni farin fimmtudaginn 20. nóvember nk.

Við söfnumst saman á veitingastað Hótel Selfoss um kl 17 og göngum svo saman í miðbæinn. Farið verður á bókasafnið, kíkt í helstu verslanir og endað á veitingastað um kvöldið.

Mikilvægt er að allar skrái sig tímanlega eða ekki seinna en 10. nóvember. Velkomið er að bjóða með sér konum sem langar að kynnst félaginu okkar.

Nánari dagskrá og skráning fer fram á Facebook síðu kvenfélagsins.

Skemmtinefnd



9. nóvember / 21. sunnudagur
eftir þrenningarhátíð
Messa í Hraungerðiskirkju
kl. 14:00

Prestur: Anna Eiríksdóttir

Kór yngri nemenda Flóaskóla kemur fram
undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur.
Kirkjukór Hraungerðis-
og Villingaholtskirkja syngur.
Stjórnandi er Pétur Nói Stefánsson.

Sóknarnefnd

Ritunarsamkeppni

UMF. ÞJÓTANDA



Í tilefni af 10 ára afmæli Ungmennafélagsins Þjótanda er blásið til Ritunarsamkeppni fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri.



Einkunnarorð keppinnar eru:

SAMFÉLAG – ÞÁTTAKA – ÞJÓTANDI

Þátttakendur hafa frjálsar hendur. Það má skrifa smásögu, ljóð, frásögn, dagbókarfærslu eða í raun hvað sem ykkur dettur í hug. Svo er um að gera að myndskreyta að vild.

Hámarks lengd er ein A4 blaðsíða og skulu þátttakendur merkja verk sitt aftan á blaðsíðunni með nafni, heimilisfangi og símanúmeri. Hægt verður að skila inn verkum hjá ritara Flóaskóla en einnig er hægt að senda þau í tölvupósti á netfangið halla@floahreppur.is

Skilafrestur er til 16. nóvember, sem er bæði afmælisdagur UMF. Þjótanda og Dagur íslenskrar tungu.

Ungmennafélagið Þjótandi veitir verðlaun fyrir þrjú bestu verkin og munu þau birtast í Áveitunni í desember.



Öll verk sem taka þátt verða til sýnis á Skótuveislu UMF Þjótanda í Þingborg á Þorláksmessu.

ÁFRAM ÞJÓTANDI



Vaðölduver og viðgerðir á Landvegi

Framkvæmdir eru í fullum gangi við Vaðölduver, en þar steypir ÍSTAK meðal annars undirstöður fyrir vindmyllurnar, auk þess sem byrjað er að byggja kranastæði og safnstöð. Safnstöðin sér um að taka við rafmagni frá vindmyllunum og flytja það yfir á flutningskerfi Landsnets.

Í Vaðölduveri verða 28 vindmyllur, en fyrri helmingur þeirra verður reistur á næsta ári og seinni helmingur árið 2027. Strax að lokinni uppsetningu hvernar vindmyllu verður hún gangsett, þannig að smátt og smátt mun vinnslan aukast þar til orkuverið verður komið í full afköst haustið 2027.

Á Facebook síðu Landsvirkjunar má sjá myndband af framkvæmdunum. Í hverja undirstöðu fara um 70 tonn af steypustyrktarjárni, um 400 rúmmetrar af steypu og um 14 klukkustundir tekur að láta steypuna renna í undirstöðurnar.



Styrkir til góðra verkefna úr Samfélagssjóði

Ein leiða Landsvirkjunar til að styðja við mannlíf í nágrenni aflstöðva fyrirtækisins er með úthlutun styrkja úr Samfélagssjóði. Sjóðurinn styður við verkefni sem hafa breiða samfélagslega skirskotun, með áherslu á jákvæð áhrif á nærsamfélög. Búið er að úthluta tvisvar úr sjóðnum á þessu ári og á meðal þess sem styrkt var voru matarmenningarviðburður í Uppsveitum, Töðugjöld í Rangárþingi ytra og útinám í Þjórskóla.

Umsóknarfrestur fyrir síðustu úthlutun ársins 2025 er til 30. nóvember og við hvetjum sem flest til að sækja um. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á vefnum: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Hvammsvirkjun og gróðurannsóknir í Viðey

Áfram er unnið að undirbúningsframkvæmdum í Hvammi, en þar fer fram efnislosun og er því sprengt daglega. Efnið er svo flutt í vinnslu eða á lager eftir því sem við á. Að jafnaði eru um 10-20 manns á svæðinu við vinnu og hátt í 30 tæki.

Í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar fóru sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar í Viðey í sumar, en eyjan er friðlýst. Þar voru settir upp mælar til að mæla jarðvegssraka og hitastig, tekin jarðvegssýni til efnamælinga og gerðar rannsóknir á gróðurþekju og aldri birkiskógarins í eyjunni. Fylgst verður með eyjunni eftir að virkjunin hefur verið reist og því mikilvægt að hafa grunngögn þegar meta þarf hvort og þá hvaða áhrif virkjunin hafi á hana.

Takk fyrir gott sumar

Að venju sinni öflugur hópur ungmenna, sem mörg hver komu úr nærsamfélaginu, umhirðu umhverfis og ýmsum öðrum verkefnum í og við aflstöðvarnar á Þjórskóla.

Meðal annars tóku þau þátt í gróðursetningu í Landgræðsluskóga við Bjarnalón. Þá voru sjö háskóla- og iðnnemar við störf í aflstöðvunum. Það er alltaf gaman að fá ungt og hresst fólk til starfa og við þökkum því kærlega fyrir ánægjulega samveru og vel unnin störf.





Viðgerðum í Vatnsfelli lokið

Í byrjun ágúst kom í ljós leki við inntaksmannvirki Vatnsfellsstöðvar og reyndist hann vera vegna sprungu í jarðlögum. Lón stöðvarinnar tæmt og hafist handa við viðgerðir sem fólust í fyllingum í sprungur, viðgerðum á steypukápu inntaksmannvirkis og landmótun. Við hönnun og byggingu virkjunarinnar var miðað við að jarðlög á svæðinu væru ekki sterk og atburðir sem þessi gætu átt sér stað. Viðgerðir gengu vel og lauk þeim um miðjan október.

Nýr starfsmaður nærsamfélags og náttúru

Nýlega tók til starfa nýr verkefnastjóri nærsamfélags og náttúru á Suðurlandi, Gústav Magnús Ásbjörnsson (gustav.magnus.asbjornsson@landsvirkjun.is). Hann kemur í stað Guðmundar Finnbogasonar sem hvarf til annarra starfa í sumar. Gústav er búsettur á Hellu og mun hafa starfsstöðvar í Búrfelli og í Soginu. Hann er, ásamt Eddu S. Oddsdóttur (edda.sigurdis.oddsdottir@landsvirkjun.is), tengiliður nærsamfélags aflstöðva í Soginu og á Þjórsársvæði.

Upplýsingafulltrúi nýframkvæmda hefur störf

Gunnar Aron Ólason hefur verið ráðinn upplýsingafulltrúi nýframkvæmda hjá deild samskipta og upplýsingamiðlunar og tók hann til starfa í lok júlí. Gunnar er búsettur á Hellu ásamt fjölskyldu sinni og hefur starfsstöð að Hvammi í Landsveit.

Í hlutverki sínu ber Gunnar ábyrgð á heildstæðri upplýsingamiðlun og samskiptum vegna nýframkvæmda Landsvirkjunar, m.a. vegna Hvammsvirkjunar, Vaðölduvers, stækkunar Sigöldustöðvar og stækkunar á Þeistareykjum. Hann sér um samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila ásamt efnisgerð og miðlun á vef- og samfélagsmiðlum. Hægt er að hafa samband við hann með því að senda tölvupóst á netfangið gunnar.aron.olason@landsvirkjun.is.

Þjónustuhús Landsvirkjunar á Þjórsársvæði

Landsvirkjun hyggst byggja þjónustuhús fyrir Vaðölduver á Faxaflötum 2a á Hellu. Húsið mun verða Svansvottað og verða þar með annað mannvirki Landsvirkjunar sem hlýtur slíka vottun. Hönnun húss og lóðar er í fullum gangi og gert er ráð fyrir að farið verði í útboð eftir áramót og að hægt verði að hefja framkvæmdir við byggingu hússins vorið 2026.



Einnig er unnið að stækkun Eiríksbúðar í Búrfelli með viðbyggingu sem hefur hlotið nafnið Múli. Með þessari 995 fermetra stækkun mun vinnuaðstaða starfsfólks í Búrfelli batna til muna, en þar verður sett upp ný stjórnstöð virkjana á Þjórsársvæðinu og skrifstofuaðstaða.

Markmiðið með Svansvottun bygginga er að draga úr umhverfisáhrifum þeirra, sporna gegn hnattrænni hlýnun og vernda heilsu þeirra sem nota bygginguna og koma að framkvæmdum við byggingu hennar. Þetta er gert meðal annars með því að mæta kröfum um litla orkunotkun hússins, gæði byggingarefna og byggingavörunotkun.

Skákmót Þjótanda 2025



Ungmennafélagið Þjótandi stóð nýverið fyrir Meistaramóti Þjótanda í skák. Mótið tókst einstaklega vel en alls tóku 14 keppendur þátt í mótinu, 8 keppendur í opnum flokki barna 12 ára og yngri og 6 keppendur í flokki fullorðinna. Einnig mættu nokkrir áhorfendur og dyggir stuðningsaðilar.

Úrslit urðu þessi:

Meistaraflokkur:

1. Ágúst Valgarð Ólafsson
2. Reynir Bjarkason
3. Örvar Rafn Hlíðdal

Opinn flokkur 12 ára og yngri

1. Birnir Þór Hlíðdal
2. Arnar Alex Reynisson
3. Þorkell Ólafur Þórbergsson

Umf Þjótanda þakkar keppendum og áhorfendum kærlega fyrir skemmtilegt og spennandi mót.



Þjótandafatnaður

Stjórn Umf Þjótanda stefnir á að senda inn hóppöntun á Þjótandafatnaði um miðjan nóvember.

Er þá um að ræða pöntun á keppnisbolum, stuttbuxum, æfingapeysum og hettupeysum.



Nánari upplýsingar um fatnaðinn, verð og pöntunarfrest birtast á Facebook síðu Þjótanda í næstu viku.

Fylgist vel með og pantið tímanlega.
Upplagt í jólapakkann

Stjórn Umf Þjótanda

HETTY

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI FYRIR FYRIRTÆKJABÍLA
DEKKJABJÓNUSTA • SMURBJÓNUSTA



486 1111

hettjehf@gmail.com

Ferð 60 + í Flóahrepp til Grindavíkur 18. október 2025

Laugardaginn 18. október var safnast saman við Þingborg. Þar sem 60+ hópur úr Flóahreppi ætluðu að sameinast í rútu og halda á vit ævintýranna einn dag. Þetta var bjartur dagur og sólríkur.

Stuttu seinna renndi 100% rafmagnsrúta inn á planið. Þetta var hann Simon frá Tékklandi sem ætlaði að vera bílstjórinn þennan daginn. Það kom svo í ljós að rútan hafði ekki verið sett í samband svo við þurftum að fara á Selfoss til að skipta um rútu.

Þegar skipt hafði verið um rútu var haldið af stað í áttina að Þorlákshöfn og inn á Suðurstrandarveginn. Tekinn var smá aukakrókur í Selvoginn að sækja einn farþega í viðbót. Þetta var ágætis aukarúntur. Þegar við vorum komin nærri Krísuvík fengum við að heyra ýmsar þjóðsögur frá nágrenninu með hjálp appsins Kringum.

Svo var rennt inn í Grindavík og fyrsta stopp var í Kvikunni sem er menningarhús Grindvíkinga. Þar var vel tekið á móti okkur af henni Kristínu Maríu fyrrum bæjarstarfsmanni. Þegar allir höfðu sest og fengið sér kaffi, te eða vatn var kveikt á myndvarpa og hún hóf að kynna fyrir okkur hörmungarnar sem orðið hafa í bænum. Við fengum góða innsýn í hvernig það hefur verið að búa þarna þegar eldgos og kvikugangar gengu yfir með tilheyrandi umbrotum. Við komumst að því að í Grindavík í dag hafa um 800 manns fasta búsetu.

Þegar við höfðum hlustað og fengið að sjá myndir var farið aftur inn í rútna og nú kom Kristín María með okkur. Við

ókum um svæðið sem hafði orðið verst úti og sáum nú með eigin augum kraft náttúrunnar og hvað maðurinn verður lítill þegar náttúran tekur völdin. Á einum stað stoppuðum við fyrir neðan brekku og hún Kristín María benti okkur á brekkuna og sagði: Hér er brekka en fyrir hamfarirnar var hér sléttur vegur. Við sáum hvernig húsín eru að klofna og sum að halla sér fram í áttina að veginum. Að sjá þetta svona var mikið svakalegt. Við sáum líka hvar hraunið endaði sem fór inn í bæinn þegar sprungan opnaðist innan við varnagarðana. Íþróttahúsið sem var svo oft í fréttum lítur nú út eins og kínverskt hof þar sem það er farið að síga í miðjunni og þá koma gaflarnir upp á hliðunum. Er það alveg ónýtt var okkur sagt.

Eftir yfirlitsferð um bæinn fórum við á veitingahúsið Bryggjuna sem er niðri á bryggju en þetta hús var áður netaverkstæði. Það var vel tekið á móti okkur þarna af honum Aðalgeir sem áður var netagerðamaður og stofnandi Bryggjunar sem er líka kaffihús og passar uppá að ferðamenn fái að borða. Hann hefur reyndar selt kaffihúsið en kom að beiðni okkar í Bryggjuna. Við fengum dýrindis súpur en í boði voru þrjár tegundir af súpum: kjötsúpa, humarsúpa og grænmetissúpa. Alveg hreint dásamlegar súpur.

Þegar fólk hafði borðað vel af súpu og brauði var haldið af stað á ný. Núna ætlaði sjálfur Aðalgeir að fara með okkur og fræða okkur aðeins um það helsta í sambandi við sjósókn og bátaútgerð í bænum. Auk þess fræddi hann okkur um gamla tíma og aðeins um sögu húsanna í gamla bænum. Þegar við höfðum skoðað okkur um í gamla hlutanum fórum við í áttina að Bláa Lóninu og tókum hring þar og sáum allt hraunið sem er þarna í kring. Þarna fara vegir undir hraun og nýir lagðir yfir. Eitthvað sem gerist hvergi í heiminum nema

hér á Íslandi. Svona berjast menn við náttúruöflin. Þarna voru stórar vélar að vinna við að hækka varnargarðinn, því enn og aftur er von á gosi.

Áður en við lukum yfirferð okkar um Grindavík stoppuðum við hjá myndasýningunni Reykjanes vaknar og eru þetta alveg magnaðar myndir sem sýndar eru undir berum himni. Komið var við í Kvikunni áður en heimferð var til að fara á salerni og í bónus gátum við hlustað á kór sem var að æfa þar. Svo var haldið af stað heim í Flóann aftur með viðkomu í Selvogi að skila einum farþega. Við komum svo heim í þoku sem var með þéttara móti en hvað með það eftir sólríkan dag í Grindavík.

Flóinn lýsti okkur upp með norðurljósasýningu þegar þokunni létti.

Fréttaritari 60 +
Jóhanna Kristín Atladóttir, Rimum



60 + í Flóahreppi

Framundan í nóvember

5. nóvember

60+ kaffihittingur í Þjórsárveri milli kl. 16 og 18, húsið opnar kl. 15:30.

Kristín Lilja Sigurjónsdóttir kemur og fræðir okkur um mikilvægi æfinga og heilsutengd málefni.

26. nóvember

60+ kaffihittingur í Þjórsárveri milli kl. 16 og 18, húsið opnar kl. 15:30.

Fanney Hrund Hilmarsdóttir kemur og les uppúr nýjustu bók sinni.



Dagskrá mánaðarins:

Basar Kvenfélaganna í Flóahreppi	1. nóv
Fundur Sveitarstjórnar	4. nóv
Þjótandaæfingar mið og eldri	5. nóv
60 + kaffihittingur í Þjórsárveri	5. nóv
Þjótandaæfingar yngri	7. nóv
Laugardagsopnun - Gámasvæði Hrísmýri	8. nóv
Messa í Hraungerðiskirkju	9. nóv
Skráning í Afmælisferð Umf Þjótanda	9. nóv
Þjótandaæfingar mið og eldri	12. nóv
Þjótandaæfing yngri	14. nóv
Afmælisferð Umf Þjótanda - Skautar og pizza	16. nóv
Ritunarsamkeppni Umf Þjótanda - skilfrestur	16. nóv
Fundur Sveitarstjórnar	18. nóv
Þjótandaæfingar mið og eldri	19. nóv
Þjótandaæfing yngri	21. nóv
60 + kaffihittingur í Þjórsárveri	26. nóv
Þjótandaæfingar mið og eldri	26. nóv
Þjótandaæfing yngri	28. nóv
Aðventusamvera í Villingaholtskirkju	30. nóv
Umsóknarfr. Samfélagssjóður Landsvirkjunar	30. nóv
Aðventuhátíð Flóahrepps	4. des

